



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### **Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um gátlista til leikskóla**

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 27. nóvember 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

*Óskað er eftir gátlistum sem sviðið hefur samið og sent til stjórnenda leikskóla á tímabilinu 1. júní 2022 – 27. nóvember 2023. Til áréttingar fyrirspurninni er lögð áhersla á að það eru ekki allir gátlistar opinberir og því væri upplýsandi að fá aðgang að gátlistum sem hafa verið sendir út en eru ekki aðgengilegir á opnu vefsvæði á vegum Reykjavíkurborgar.*

#### **Svar:**

Að athuguðu máli þá hafa ekki verið sendir gátlistar frá skrifstofu skóla- og frístundasviðs á umræddu tímabili á stjórnendur leikskóla. Á þetta einnig við um Miðju máls og læsis, Mixtúru og aðrar stoðeildir á skóla- og frístundasviði.

Hver leikskóli skilar inn starfsáætlun árlega þar sem gerð er grein fyrir starfi síðasta árs og umbótum sem leikskóli vinnur að á komandi skólaári. Í kjölfar skila á starfsáætlun er umsögn/gátlisti sendur vegna starfsáætlunar til leikskólastjóra og hugsaður sem umbótamiðaður listi og stuðningur við vinnu á starfsáætlun. Leikskólastjóri nýtir umsögn til þróunar faglegs starfs innan síns leikskóla og með sínu starfsfólki og er ekki opinber.

Á vef Menntastefnu Reykjavíkur menntastefna.is undir gæðastarf má finna gátlista, hugmyndir að könnunum og annað efni sem nýtist leikskólum til að meta almennt innra starf og einnig heilbrigði og vellíðan barna. Efnið á vef menntastefnu Reykjavíkur er fyrst og fremst hugsað sem stuðningur við faglegt starf í leikskóla og hver leikskóli getur nýtt sér efnið eftir þörfum og að eigin vali.

Ýmsar mælingar eru nýttar til að mæla árangur og mat í leikskólastarfi svo sem Hljóm-2, TRAS, EFI-2, Hæfniræmmar í íslensku, AEPS matskerfið og ýmis önnur matstæki til að mæla sérstaklega stöðu barna með einhverfu. Gerðar eru einstaklingsáætlanir fyrir börn með sérþarfir, sem innihalda langtíma- og skammtímamarkmið.